

REKSTUR SAUÐFJÁRBÚA 2022-2024

Betri gögn – bætt afkoma



2026

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Rekstur sauðfjárbúa 2022-2024: Samantekt á greiningu rekstrargagna.

Skýrsla þessi er unnin á grunni samnings milli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Atvinnuvegaráðuneytis um afkomuvöktun og ráðgjöf í búrekstri árin 2025-2026.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

Forsíðumynd: Sigríður Ólafsdóttir.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Ísland, 2026

Starfshópur:

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson

María Svanþrúður Jónsdóttir, verkefnisstjóri

Oddný Steina Valsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

1 Efnisyfirlit

1	Efnisyfirlit	3
2	Samantekt.....	4
3	Inngangur	6
3.1	Um verkefnið.....	6
3.2	Markmið verkefnisins	7
4	Efni og aðferðir	8
4.1	Framkvæmd verkefnis og gagnasöfnun	8
4.2	Úrvinnsla gagna og eftirfylgni	9
4.3	Orðskýringar og forsendur	9
5	Niðurstöður og umræður um búreikninga hjá þáttökubúum	11
5.1	Dreifing og fjöldi bóa	11
5.2	Meðalbústærð og afurðasemi þáttökubúa	11
5.3	Afkoma þáttökubúa 2022-2024.....	14
5.4	Skuldsetning bóa	19
5.5	Afkoma þáttökubúa 2022-2024 eftir framlegð tekna af sauðfjárrækt.....	20
5.6	Sterk áhrif afurðasemi á afkomu sauðfjárbúa	23
5.7	Áhrif bústærðar á afkomu bóa.....	25
5.8	Þróun gagnasafnsins frá árinu 2014	28
	Viðauki 1 - Meðaltöl lykiltalna 2022	30
	Viðauki 2 - Meðaltöl lykiltalna 2023	31
	Viðauki 3 - Meðaltöl lykiltalna 2024	32
	Viðauki 4 - Meðaltöl landshluta 2022.....	33
	Viðauki 5 - Meðaltöl landshluta 2023.....	34
	Viðauki 6 - Meðaltöl landshluta 2024.....	35
	Viðauki 7 - Meðaltöl afurðasemiflokka árið 2024	36
	Viðauki 8 - Meðaltöl m.v. hlutfall tekna vegna sauðfjárræktar	37
	Viðauki 9 - Meðaltöl eftir aldurshópum bænda	38
	Viðauki 10 – Heildarrekstur sauðfjárbúa árið 2024 m.v. hlutfall tekna af sauðfjárrækt.....	39
	Viðauki 11 – Yfirlit yfir skuldir og fjármagnsliði árið 2024 eftir hlutfalli sauðfjártekna.....	39

2 Samantekt

- Rekstrargögn frá 199 búum liggja til grundvallar á uppgjöri ársins 2024, það er rúmlega 33% þeirra bóa í landinu sem uppfylla þáttökuskilyrði. Þau stóðu að baki 28,8% af dillakjötsframleiðslu í landinu árið 2024. Meðalbúið í verkefninu hafði 469 skýrslufærðar kindur og framleiddi það ár 21,1 kg dillakjöts á hverja vetrarfóðraða kind sem var samdráttur frá fyrra ári.
- Áhrif af erfiðu tíðarfari ársins 2024 eru þar stór hluti af skýringunni og má reikna með þeim inn í uppgjör ársins 2025 en þá urðu sviptingar í veðurfari í byrjun júní.
- Kostnaðarliðir tengdir aðkeyptu fœðri og þjónustu hækkuðu um 24-29% milli ára. Ekki er hægt að meta nákvæmlega hversu mikill hluti þessara hækkana skýrist af verðlagshækkunum og hversu mikill hluti er vegna veðurfarslegra áhrifa. Leiða má líkum að því að eitthvað magn kjarnfóðurs hafi verið gefið aukalega á mörgum búum við lengri innistöðu ána og að einhverjir bændur hafi nýtt sér aðkeypta þjónustu verktaka við jarðvinnslu á kalsvæðum.
- Niðurstöðurnar sýna að afkoma íslenskra sauðfjárbúa batnaði árið 2023 og er hún svipuð árið 2024 en breytileiki milli bóa fer vaxandi. Munurinn liggur að miklu leyti í afurðasemi en einnig greiðslumarkseign þeirra og bústærð, tekjusamsetningu og ólíkri kostnaðardreifingu.
- Afurðahæstu búin notuðu að jafnaði meiri áburð á hvern hektara, þau endurræktuðu mun meira og notuðu sauðfjársæðingar meira og með betri árangri en afurðaminni búin. Þrátt fyrir þetta var breytilegur kostnaður þessara bóa ekki hærri á hverja vetrarfóðraða kind. Afkoma þessara bóa var því mun betri.
- Afurðaverð náði í fyrsta skipti, árið 2023, raungildi afurðaverðs frá árinu 2014 eftir mikla dýfu á markaði og fall á afurðaverði árin 2016 og 2017. Hækkun afurðaverðs milli áráanna 2022-2024 nam 35,6% á verðlagi hvers árs. Afurðatekjur hafa nú í fyrsta skipti frá verðfallinu 2017, hærri hlutdeild en opinberar greiðslur í heildartekjum af sauðfjárrækt.
- Afurðatengdar tekjur hækka á milli áráanna 2022-2024 sem nemur 42,6%.
- Framleiðslukostnaður dillakjöts, án fjármagnsliða og afskrifta, var að meðaltali 1.862 kr./kg árið 2024 en að meðtöldum þeim liðum reiknast hann 2.478 kr./kg.
- Mikill breytileiki er eftir stærð bóa, einkum hvað varðar framleiðslukostnað. Framleiðslukostnaður í kr./kg lækkar með auknum afurðum og aukinni stærð bóa.

- Skuldahlutfall búanna hækkaði heldur árið 2024. Er það einkum vegna aukinna skammtímalána vegna fjárfestinga í lausafé og mögulega fyrstu skref í nýbyggingum.
- Meðalatvinnutekjur á Íslandi 2024 voru 792 þúsund krónur á mánuði, en mánaðarlaun sauðfjárþænda eru aðeins um 45% af meðallaunum í landinu, svipað og undanfarin ár.
- Framleiðsla á hvern grip fer að jafnaði minnkandi eftir því sem reksturinn verður fjölbreyttari og tekjur koma frá fleiri liðum.
- Helstu tækifæri sauðfjárþænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á hvert framleitt kíló dillakjöts. Munurinn á breytilegum kostnaði efsta og neðsta þriðjungs eru 634 kr./kg árið 2024 og hefur vaxið á milli ára. Meðalinnlegg dillakjöts hjá þáttökubúum er 9.910 kg. Munur á breytilegum kostnaði miðað við meðaltalsbú, gætu því reiknast tæpar 6,3 milljónir eftir því hvort búið tilheyrir efsta eða neðsta þriðjungi.
- Ljóst má vera að rekstrarumhverfi sauðfjárþænda er þannig að beinar tekjur af framleiðslu sauðfjárafurða standa ekki undir eðlilegri launakröfu, nauðsynlegum fjárfestingum, tæknivæðingu og nýliðun.
- Ein leið að bættum árangri liggur í að auka vitund bænda gagnvart meðferð bókhaldsgagna og færslu bókhalds í auknum mæli sem bústjórnartæki líkt og í skýrsluhaldi sauðfjarræktar.
- Mikilvægi þessa verkefnis fer stöðugt vaxandi og stefnt er að því að framhalda því. Það verður aðeins gert með virkri þátttöku bænda og þakkar verkefnishópurinn öllum kærlega fyrir þátttökuna.

3 Inngangur

3.1 Um verkefnið

Verkefnið byggir á vinnu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sem hófst haustið 2016. Verkefnið hefur þróast undanfarin ár og verið unnið á grunni samkomulags við Landssamtök sauðfjárbænda og nú Atvinnuvegaráðuneytis síðan í júní 2021. Árið 2025 var gert samkomulag um framkvæmd verkefnisins við Atvinnuvegaráðuneytið sem byggði að hluta á fyrri samningi.

Á heimasíðu RML eru skýrslur um helstu niðurstöður fyrir árin 2017-2024 en einnig hefur verið fjallað um niðurstöður í Bændablaðinu.

[Rekstur sauðfjárbúa 2019-2021](#) (tengill á heimasíðu RML)

[Rekstur sauðfjárbúa 2020-2022](#) (tengill á heimasíðu RML)

[Rekstur sauðfjárbúa 2021-2023](#) (tengill á heimasíðu RML)

[Afkoma sauðfjárbúa 2021 – bls. 54.](#) (9. tbl. Bændablaðsins 2023)

[Afkoma sauðfjárbúa 2020-2022 bls. 40](#) (4. tbl. Bændablaðsins 2024 bls. 40)

[Afkoma sauðfjárbúa 2021-2023 bls. 44](#) (9. tbl. Bændablaðsins 2025)

[Afkoma sauðfjárbúa 2022-2024 bls. 2](#) (grein í Bændablaðinu mars 2026)

Í þessari skýrslu verða niðurstöður fyrir árin 2022-2024 rýndar. Að baki gagna fyrir rekstrarárið 2024 eru upplýsingar frá 199 búum og framleiðsla sem nemur 28,8% af framleiddu dillkakjöti í landinu, miðað við gögn Hagstofunnar um framleitt magn það ár. Öll þátttökubú fá senda ítarlega greiningu á sínum búrekstri þar sem þau geta borið sinn rekstur saman við önnur bú í verkefninu auk þess að geta leitað til ráðunauta um frekari eftirfylgni.

Líkt og í fyrri skýrslum sýnir niðurstaða greininga á rekstrar- og skýrsluhaldsgögnum þessara bóúa mikinn breytileika í ýmsum þáttum rekstrarins og undirstrikar það mikilvægi bústjórnarlegra þátta þegar kemur að búrekstrinum.

Mismunur sem kann að koma fram á meðaltölum í þessari skýrslu, fyrri skýrslum og þeim skýrslum sem bændur fá sendar stafar af því að gögn hafa bæst við eða komið hafa ábendingar um leiðréttingar á gögnum einstakra bóúa enda er gagnagrunnurinn lifandi og meðaltöl uppfærast eftir því sem gögnum er breytt eða bætt við.

3.2 Markmið verkefnisins

Meginmarkmið þessa verkefnis er sem fyrr að sauðfjárændur eigi möguleika á að fá heildstæða greiningu á sínum rekstri svo að þeir sjái styrkleika og veikleika í eigin búrekstri og sóknarfæri. Annað megin markmið verkefnisins var að auka ráðgjöf til þátttökubúa og hafa mörg þeirra nýtt sér m.a. jarðræktar- og rekstrarráðgjöf. Núgildandi samkomulag kveður á um áframhaldandi greiningar á rekstri m.a. sauðfjárúa, bættu hagtölusöfnun, eflingu á rekstrar- og loftlagsráðgjöf til bænda og tryggða afkomuvöktun.

Það markmið samkomulagsins að bæta hagtölusöfnun og nýtingu haggagna í búgreininni hefur sannanlega náðst. Sá gagnagrunnur sem hér hefur orðið til skiptir miklu máli þegar kemur að framsetningu gagna varðandi mat á stöðu sauðfjárræktar í landinu og því nauðsynlegt að þessari vinnu verði haldið áfram. Einnig er brýnt að bændur treysti verkefninu áfram jafnvel og séu þannig tilbúnir að leggja fram rekstrargögn og upplýsingar sem þarf til að matið verði sem réttast.

4 Efni og aðferðir

4.1 Framkvæmd verkefnis og gagnasöfnun

Grunninn í verkefninu mynda sömu bú ár eftir ár og frá árinu 2016 hafa alls 227 bú skilað inn gögnum fyrir einhver áruna 2014-2024. Flest búin sem tóku þátt í upphafi afkomuvöktunarverkefna RML hafa haldið áfram þátttöku í verkefninu, með þeim undantekningum þar sem orðið hafa búháttá- eða ábúendabreytingar.

Úrvinnsla gagnasafnsins núna miðast við árin 2022-2024 en nýjum þátttakendum bauðst að skila inn gögnum fyrir öll þau ár eða hluta þeirra. Mörg búanna skiluðu inn lykluðum bókhaldsgögnum úr dkBúbót en það kerfi býður upp á mjög ítarlega skráningu á gögnum og mögulegar leiðréttingar sé um fjölbreyttan rekstur að ræða á viðkomandi búi. Þó eru ekki öll búin sem skila inn þannig gögnum og í þeim tilvikum er stuðst við gögn úr landbúnaðarframtali RSK 4.08 eða ársreikningum.

Úr Fjárvis voru sótt helstu gögn úr skýrsluhaldi viðkomandi bús. Af Mælaborði landbúnaðarins voru sóttar tölur vegna opinberra greiðslna, þ.m.t. landgreiðslna og skiptingu ræktunar á hverju búi. Eins voru sóttar tölur um innsend sláturgögn til að hafa upplýsingar um framleitt kjötmagn hvers bús í verkefninu. Til viðbótar eru nú lesin inn og greind skýrsluhaldsgögn úr Jörð, sérstaklega með tilliti til áburðarnotkunar og endurræktunartíðni. Áfram er unnið með aldur einstaklinga út frá kennitölu ef rekstur er á eigin kennitölu bónda eða kennitölu raunverulegs eiganda samkvæmt skráningu lögaðila í fyrirtækjaskrá. Þar sem tveir aðilar eða fleiri standa að búi er tekið meðaltal af aldri þeirra.

Talsverð vinna er fólgin í því að afla og síðan greina bókhaldsgögn þar sem sundurliðun er ábótavant og því eru bændur hvattir til þess að vanda til verka og gera kröfur til sinna bókhaldara um vandaða bókhaldsvinnu. Þegar kemur að úrvinnslu bókhaldsgagna eru margir þættir sem þarf að taka tillit til. Í mörgum tilfellum eru þátttakendur með tekjur af öðru, svo sem vélavinnu, ferðaþjónustu, nautaeldi, hrossarækt, mjólkurframleiðslu o.s.frv. Tekjugreiningin er yfirleitt nokkuð augljós en þegar kemur að skiptingu gjalda vandast málið – ekki síst þegar kemur að fóðuröflunar- og föstum kostnaði. Hér þarf gjarnan að meta hvert hlutfall sauðfjárræktar er í heildarrekstri búsins og hlutfalla einstaka liði út frá því.

4.2 Úrvinnsla gagna og eftirfylgni

Gagnaöflun lauk í desember 2025 og í framhaldi af henni var þessi skýrsla unnin. Öll þátttökubúin hafa þegar fengið senda skýrslu með niðurstöðum fyrir árin 2022-2024. Sú skýrsla er sambærileg og skýrslur fyrri ára þ.e. að hver þátttakandi getur borið sinn rekstur saman við önnur þátttökubú. Að þessu sinni var lögð áhersla á myndrænan samanburð milli búas og meðaltals búas og helstu áherslupunktur dregnir fram í tölvupósti til hvers og eins.

Almennt má segja að þátttakendur séu mjög ánægðir með þann samanburð sem einstaklingsmiðuð greiningarskýrsla felur í sér. Víða eru tækifæri til að bæta rekstur en það er engin ein aðferð sem hentar öllum búum. Samanburður sem þessi dregur fram möguleika sem bændur geta nýtt til að haga ákvarðanatöku í rekstri þannig að rekstrarafgangur sé hámarkaður. Það er ekki síst mikilvægt þegar landbúnaður býr við krefjandi ytri aðstæður, svo sem síhækkandi aðfangaverð og íþyngjandi fjármagnskostnað.

4.3 Orðskýringar og forsendur

Orðskýringar hér eru í þeirri röð sem hugtök koma fyrir í töflum hér á eftir.

Ásetningshlutfall m.v. ærgildi: Hlutfall vetrarfóðraðra áa m.v. skráð ærgildi.

Nytjahlutfall: Hlutfall lamba sem koma til nytja að hausti (slátrað, sett á eða seld) miðað við fjölda lamba sem fæðist að vori.

Framleiðslukostnaður: Heildarútgjöld án fjármagnsliða og afskrifta.

Afurðatekjur: Tekjur af innlögðu dilkakjöti, kjöti af fullorðnu fé, seldri ull, heimanot, seldum afurðum beint frá býli og seldu líffé.

Greiðslur úr sauðfjársamningi: Tekjur vegna beingreiðslna greiðslumarks, beingreiðslna í ull, gæðastýringargreiðslna, býlisstuðnings og svæðisbundins stuðnings.

Afurðatengdar tekjur: Samanlagðar afurðatekjur og opinberar greiðslur.

Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir: Tekjur vegna landgreiðslna á uppskorna hektara og tekjur vegna jarðræktarstyrks á ræktaða hektara.

Einskiptisgreiðslur: Framlög til landbúnaðar frá hinu opinbera umfram framlög vegna búvörusamninga. Á árinu 2021 framlag vegna áhrifa COVID19, greitt út sem sláturálag. Árið 2022 framlög vegna mikilla hækkana á aðföngum í kjölfar innrásar í Úkraínu og vegna erfiðrar stöðu í sauðfjárrækt („sprettgreiðslur“), greitt út sem sláturálag innan gæðastýringar. Árið 2023 framlag vegna langvarandi afkomubrests, greitt út sem álag á býlisstuðning til búas með fleiri en 300 kindur en einnig kom á því ári uppgjör vegna sprettgreiðslna á gæðastýringu 2022.

Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar: Viðbótarframlag 2022 vegna mikilla hækkana á aðföngum í kjölfar innrásar í Úkraínu, greitt út sem álag á landgreiðslur og jarðræktargreiðslur ásamt stuðningi við áburðarkaup.

Fjárfestinga- og nýliðunarstyrkir: Tekjur vegna stuðnings við viðhald og uppbyggingu fasteigna og til ungbænda.

Önnur landbúnaðartengd framlög: Framlög vegna viðhalds veggirðinga, landbóta eða annars sem tengist viðkomandi jörð eða framlög til nýsköpunar svo eitthvað sé nefnt.

Aðkeypt fóður: Kostnaður vegna kaupa á kjarnfóðri, steinefnum og heyi.

Áburður og sáðvörur: Kostnaður vegna kaupa á áburði og sáðvörum.

Rekstur búvéla: Kaup á olíu, smurolíu, varahlutir, dekk og viðgerðir vegna búvéla auk trygginga og skatta.

Rekstrarvörur: Kaup á rekstrarvörum, s.s. plast, bindigarn, smáverkfæri, hreinlætisvörur o.fl.

Ýmis aðkeypt þjónusta: Sláturkostnaður, dýralækniskostnaður, verktakagreiðslur, s.s. rúllubinding, flutningsgjöld og fósturtalning.

Framlegð: Tekjur af sauðfé; afurðatekjur, opinberar greiðslur tengdar búgreininni, mínus breytilegur kostnaður (aðkeypt fóður, áburður og sáðvörur, rekstur búvéla, rekstrarvörur og ýmis aðkeypt þjónusta).

Viðhald eigna: Kostnaður vegna viðhalds úthúsa og girðinga.

Rekstur húsnæðis: Rafmagn, fasteignagjöld og tryggingar vegna bús.

Bifreiðakostnaður: Rekstrarkostnaður bifreiðar, þ.e. eldsneyti, tryggingar, hjólbarðar, viðhald og skattar.

Annar rekstrarkostnaður: Fjallskil, ýmis rekstrarkostnaður, leigugjöld, bústofnskaup og risna vegna bús.

Laun og launatengd gjöld: Reiknað endurgjald, laun, mótframlag í lífeyrissjóð, tryggingargjald og önnur launatengd gjöld.

Rekstrarniðurstaða sauðfjárbús/EBITDA: Tekjur vegna sauðfjárræktar búsins að frádregnum útgjöldum fyrir fjármagnsliði og afskriftir.

Afskriftir: Afskriftir búsins af fasteignum og vélum, stundum hlutfallaðar ef tekjur af sauðfjárrækt eru innan við 80% af heildartekjum bús.

Fjármagnsliðir: Samtala af vaxtatekjum og vaxtagjöldum auk verðbreytingarfærslu lána búsins í hlutfalli við tekjur sauðfjárræktar af heildartekjum bús.

5 Niðurstöður og umræður um búreikninga hjá þátttökubúum

5.1 Dreifing og fjöldi bóa

Í töflu 1 er samantekt yfir dreifingu þátttökubúa um landið. Dreifingin er nokkuð góð eins og sjá má í töflunni. Í töflunni má einnig sjá bústærð þátttökubúa, sem að jafnaði eru stærst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Þegar meðalaldur bænda á búunum í verkefninu er skoðaður kemur fram að þátttakendur eru að jafnaði elstir á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra en yngstu þátttakendur eru á Norðurlandi vestra og Suðurlandi.

Tafla 1. Fjöldi og dreifing þátttökubúa árið 2024 ásamt meðalaldri og bústærð

	Fjöldi bóa 2024	Bústærð	Meðalaldur
Vesturland	29	551	52,6
Vestfirðir	19	488	56,1
Norðurland vestra	45	540	45,9
Norðurland eystra	46	394	55,5
Austurland	36	424	48,9
Suðurland	24	462	47,2
Samtals	199	469	50,8

Til að taka þátt í verkefninu er miðað við að á búinu séu að lágmarki 200 vetrarfóðraðar kindur. Á skýrsluhaldsárinu 2024 voru 629 bú sem skiluðu skýrslum þar sem voru 200 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri og hefur þeim fækkað um 23 bú frá fyrra ári. Árið 2018 voru 804 bú í skýrsluhaldinu með fleiri en 200 kindur og hefur búum í þessari bústærð fækkað um tæp 22%, eða yfir 170 bú, á tímabilinu. Sum þessara bóa hafa fækkað fé en á öðrum hefur sauðfjárbúskap verið hætt. Hlutfall þátttökubúa er tæplega 33% af þeim fjölda sem uppfylla skilyrði til þátttöku.

5.2 Meðalbústærð og afurðasemi þátttökubúa

Árið 2024 voru framleidd 6.850 tonn af dilkakjöti skv. upplýsingum á vef Hagstofunnar¹. Þátttökubúin framleiddu 1.972 tonn af dilkakjöti sama ár og svarar framleiðslan til 28,8% af heildarframleiðslu dilkakjöts árið 2024. Í töflu 2 eru upplýsingar um gagnasafnið eftir árum frá upphafi verkefnisins. Í henni má sjá breytileika í afurðum eftir hverja kind í takti við árferði hvers árs og var árið 2024 nokkuð undir meðaltali enda rysjótt tíðarfar og kalt það vor og sumar. Einnig má sjá að meðalfjárfjöldi á þátttökubúum hefur minnkað þó nokkuð frá árinu 2014 eða sem nemur tæplega 40 vetrarfóðruðum ám.

¹ https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_landbunadur_landframleiðsla/LAN10205.px

Tafla 2. Lykiltölur um umfang gagnasafns eftir árum


Ár	Fjöldi búa	Hlutfall framleiðslu	Innlagt dillkakjöt kg/kind	Fjöldi áa/bú
2014	56	7,10%	22,2	505,4
2015	63	7,70%	21,2	506,9
2016	64	7,90%	22,4	512,3
2017	95	11,70%	22,4	504,1
2018	152	19,40%	22,5	509,0
2019	185	24,70%	22,4	489,8
2020	192	25,70%	22,6	486,7
2021	192	26,50%	23,1	482,6
2022	213	29,5%	21,6	474,8
2023	206	29,7%	22,2	466,6
2024	199	28,8%	21,1	469,2

Ef skýrsluhaldsgögn þáttökubúanna eru borin saman við meðaltöl búa í skýrsluhaldi með fleiri en 200 vetrarfóðraðar kindur sést að afurðameiri búin taka frekar þátt en þau afurðaminni.

Tafla 3. Munur á meðaltali skýrsluhaldsniðurstaðna hjá þáttökubúum og meðaltali allra búa í skýrsluhaldinu með fleiri en 200 skýrslufærðar ær

	2022		2023		2024	
	Þátt-tökubú	Skýrsluhald >200 ær	Þátt-tökubú	Skýrsluhald >200 ær	Þátt-tökubú	Skýrsluhald >200 ær
Reiknuð kg full. ær	29,3	27,8	30,4	28,7	29,8	28,3
Fædd lömb full.	1,90	1,84	1,88	1,83	1,90	1,85
Til nytja full.	1,72	1,65	1,70	1,64	1,70	1,64
Fleirlembur full. (%)	10,9%	9,3%	10,2%	8,8%	11,6%	10,0%
Geldar full. (%)	3,4%	4,3%	3,4%	4,3%	3,4%	4,4%
Reiknuð kg 1 v. ær	13,4	11,9	13,6	12,1	13,7	12,4
Fædd lömb 1 v. ær	1,10	0,98	1,09	0,98	1,13	1,02
Til nytja 1 v. ær	0,80	0,72	0,78	0,71	0,80	0,74
Geldar 1 v. (%)	11,3%	12,6%	11,6%	12,7%	11,0%	12,6%
Ekki haldið 1 v. (%)	5,0%	10,2%	4,7%	10,5%	4,4%	8,5%
Fallþungi	16,7	16,5	17,4	17,2	17,1	16,9
Gerð sláturlamba	9,6	9,4	9,9	9,7	9,7	9,50
Fita sláturlamba	6,3	6,2	6,7	6,6	6,4	6,30
Sláturaldur	138,6	139,4	139,5	140,0	140,3	140,6
Nytjahlutfall (%)	88,3%	88,0%	88,2%	87,8%	86,9%	88,2%

Annað sjónarhorn á töflu 3 má sjá á mynd 1 þar sem sést að mestur munur á milli þáttökubúa og landsmeðaltals liggur í þáttum er snúa að frjósemi. Þáttökubúin hafa hlutfallslega meiri afurðir eftir veturgamlar ær en landsmeðaltal skv. skýrsluhaldinu. Það skýrist að hluta af því að bú sem standa utan verkefnisins eru miklu líklegri til að hleypa ekki til gemlinga. Eins er nokkur munur varðandi afurðir eftir fullorðnar ær sem og gerð sláturlamba. Munurinn er óverulegur þegar kemur að fallþunga, fitu sláturlamba og aldri þeirra við slátrun.



Mynd 1. Hlutfallslegur munur á meðaltali þáttökubúa og allra sauðfjárbúa með fleiri en 200 skýrslufærðar kindur sbr. töflu 3

Þessi afurðamunur bendir til þess að afkoma við framleiðslu á lambakjöti sé í raun lakari en meðaltöl verkefnisins gefa til kynna þar sem auknar afurðir skila betri afkomu hjá búum sem eru í verkefninu.

5.3 Afkoma þátttökubúa 2022-2024

Meðaltöl allra þátttökubúa má sjá í töflu 4. Taflan sýnir bein meðaltöl á verðlagi hvers árs og hlutfallslega breytingu á tímabilinu.


Tafla 4. Samanburður rekstrarþátta árin 2022-2024, reiknaður í kr./kg dilkakjöts.

	2022	2023	2024	Breyting á Tímabili
Fjöldi búa	213	206	199	
Meðalbústærð (fullorðnar ær)	397	357	392	-1,4%
Meðalaldur bænda (ár)	49,5	47,0	51,1	3,3%
Afurðatekjur kr./kg	822	973	1.172	42,6%
Greiðslur úr sauðfjársmning kr./kg	746	843	939	25,7%
Landgreiðslur/Jarðræktarstyrkur kr./kg	44	49	56	26,9%
*Einskiptisgreiðslur kr./kg	115	99	0	
Sprett- og álagsgr. jarðræktar 2022 kr./kg	61	0	0	
**Fjárfestingar- og nýliðunarstyrkir kr./kg	25	70	87	252,1%
Önnur landbúnaðartengd framlög kr./kg	44	47	56	25,2%
Tekjur vegna sauðfjárræktar kr./kg	1.858	2.081	2.309	24,3%
Aðkeypt fóður kr./kg	39	47	58	47,7%
Áburður og sáðvörur kr./kg	309	286	267	-13,6%
Rekstur búvéla kr./kg	203	229	258	26,9%
Rekstrarvörur kr./kg	129	126	140	8,6%
Ýmis aðkeypt þjónusta kr./kg	154	165	213	38,3%
Breytilegur kostnaður alls kr./kg	834	854	936	12,2%
Framlegð kr./kg	1.024	1.227	1.373	34,1%
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt	55,1%	59,0%	59,5%	4,4%
Viðhald eigna kr./kg	115	144	140	22,0%
Rekstur húsnæðis kr./kg	50	54	63	26,9%
Bifreiðakostnaður kr./kg	82	84	88	6,8%
Annar rekstrarkostnaður kr./kg	96	107	127	32,8%
Laun og launatengd gjöld kr./kg	376	413	509	35,4%
Fastur kostnaður alls kr./kg	718	802	927	29,0%
Rekstrarniðurstaða f. fjármagnsl. og afsk. kr./kg	306	425	447	46,1%
Afskriftir kr./kg	299	355	394	31,9%
Fjármagnsliðir kr./kg	195	233	222	13,9%
Rekstrarniðurstaða sauðfjárþús kr./kg	-188	-163	-169	-10,0%
Rekstrarn. sauðfjárþús % af sauðfjárt.	-10,1%	-7,8%	-7,3%	2,8%
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða kr./kg	1.552	1.656	1.862	20,0%
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.	2.046	2.244	2.478	21,1%

*Einskiptisgreiðslur. Á árinu 2022 er það sprettgreiðsla vegna gæðastýringar. Á árinu 2023 er það uppgjör á sprettgreiðslur fyrra árs og viðbótarbýlisstuðningur.

**Fjárfestingar- og nýliðunarstyrkir. Á árinu 2023 voru einskiptisgreiðslur vegna fjárfestingarstuðnings og nýliðunarstyrkja umfram hefðbundin framlög.

Þegar gögn um afkomu sauðfjárbúa eru skoðuð er rétt að hafa almennar verðlagshækkanir til viðmiðunar. Á því þriggja ára tímabili sem er til skoðunar þ.e. frá 1. janúar 2022 - 31. desember 2024 hækkar vísitala neysluverðs um 24,7%. Á síðasta ári samanburðar þ.e. frá desember 2023 til desember 2024 er hækkunin um 5,85%². Í umfjöllun hér á eftir verður þróun á tekju- og kostnaðarliðum sett í samhengi við almenna verðlagsþróun.



Mynd 2. Þróun afurðaverðs og vísitölu frá árinu 2014

Á mynd 2 sést hvernig afurðaverðið hefur þróast á því tímabili sem gögn verkefnisins ná til. Framsetningin byggir á raungögnum úr verkefninu. Til hliðsjónar er höfð þróun vísitölu neysluverðs af vef Hagstofu Íslands. Það er mikilvægt að hafa þessa mynd í huga þegar rekstrarniðurstöður sauðfjárbúa eru metnar, m.a. þegar þróun tekju- og kostnaðarliða er skoðuð frá ári til árs. Haustin 2016 og 2017 varð mikið fall á afurðaverði. Verðfallið kom til vegna verðfalls á mörkuðum erlendis sem aftur orsakaði offramboð og verðfall á innlendum markaði. Á árinu 2014 sem er fyrsta greiningarár verkefnisins var meðalafurðaverð 600 kr./kg dilkakjötis. Eins og sjá má af línuritinu er afurðaverð til bænda, á árinu 2023, í fyrsta skipti að ná að jafna árið 2014 að raungildi þegar tekið er tillit til verðlagsþróunar.

² <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/verdlag/visitala-neysluverds/>

Hækkanir á afurðaverði til bænda haustin 2022 til og með árinu 2024 hafa skipt miklu máli í afkomu bænda. Árið 2024 voru afurðatekjur rúmlega 51% af heildartekjum af sauðfjárrækt. Opinberar greiðslur hafa vegið yfir 50% af heildartekjum í sauðfjárrækt frá og með árinu 2017, hæst rétt undir 60%. Vegið meðalverð dilkakjöts var 748 kr./kg árið 2022 en 1.014 kr./kg árið 2024, samkvæmt útreikningum sauðfjárbændadeildar BÍ, sem er 35,6% hækkun.

Afurðatekjur (kr. á kg) hækkðu um 42,6% á milli árunna 2022-2024 og heildartekjur vegna sauðfjárræktar hækkðu um 24,3% á sama tíma. Á milli árunna 2023 og 2024 hækkðu afurðatekjur um 20,5% og heildartekjur vegna sauðfjárræktar um 11%. Afurðaverð dilkakjöts hækkaði verulega haustið 2022 og svo nokkuð haustin 2023 og 2024. Afurðatekjur höfðu því hækkað um 14,7% umfram verðlag þegar litið er til eins árs en um 17,9% þegar litið er til þriggja ára tímabils.

Á tímabilinu var hækkun opinberra greiðslna, í kr./kg, 9,7% og munar þar nokkuð um viðbótarframlög (einskiptisgreiðslur í töflunni). Á þriggja ára tímabilinu lækkuðu því opinberar greiðslur að raunvirði. Á árinu 2022 voru greidd framlög vegna alvarlegrar stöðu í landbúnaði³. Árið 2023 var greitt uppgjör vegna sprettgreiðslna á gæðastýringu frá árinu 2022, auk álags á býlisstuðning (alls 450 milljónir), vegna langvarandi afkomubrests, til búa með yfir 300 kindur. Það ár voru einnig greidd framlög umfram hefðbundin framlög til nýliða og bænda sem höfðu fjárfest í byggingum eða endurbótum á aðstöðu og runnu þau framlög að hluta til sauðfjárbænda⁴.

Gjaldaliðir hækka einnig verulega á tímabilinu sem hér er skoðað. Þegar breytilegur kostnaður búanna er skoðaður milli ára þá hækkaði hann um 101,6 kr./kg eða 12,2% frá 2022 til 2024 og kom sú hækkun í kjölfar verulegra hækkana í byrjun árs 2022. Milli árunna 2023-2024 hækkaði breytilegur kostnaður búanna um 9,6%. Hækkun á breytilegum kostnaði var því minni en almennar verðlagsbreytingar litið til þriggja ára tímabils en var yfir verðlagsþróun á milli árunna 2023-2024⁵.

Áburður er eini liðurinn sem lækkar frá árinu 2022 en var það ár í hæstu hæðum vegna utanaðkomandi áhrifa af innrás Rússa í Úkraínu, sem einnig hefur haft verulega áhrif á

³ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/06/14/2-5-milljardar-til-ad-maeta-alvarlegri-stodu-i-landbunadi/>

⁴ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/12/21/Vidbotarstudningsgreiðslur-greiddar-til-baenda/>

⁵ <https://hagstofa.is/verdlagsreiknival>

heimsmarkaðsverð á korni, sérstaklega árin 2022-2023. Allir aðrir kostnaðarliðir hækka á bilinu frá 7% til 47%. Ef frá er talinn kjarnfóðurkostnaður, hækka mest liðir sem tengjast frekar launaskriði í landinu en auknum hráefniskostnaði, svo sem rekstur búvéla (viðgerðir) og öll aðkeypt þjónusta, ásamt launum /reiknuðu endurgjaldi og launatengdum gjöldum innan fasta kostnaðarins.

Framlegð hækkaði um tæpar 350 kr./kg eða rúmlega 34%. Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt var að meðaltali 59,5% árið 2024 eða um 4,4% hærra en 2022 en árið 2023 var það einnig um 59%. Það var áfram tap á rekstri sauðfjárlutans að meðaltali, sem nam 188 kr./kg árið 2022, 163 kr./kg árið 2023 og tap sem nam 169 kr./kg árið 2024. Tap sem hlutfall af tekjum lækkar sem nemur 2,8% á tímabilinu.

Fastur kostnaður hækkaði um 208,6 kr./kg eða 29% á þriggja ára tímabili en um 124,8 kr./kg eða 15,6% milli árana 2023-2024. Á þriggja ára tímabili hækkaði fastur kostnaður umfram verðlag en þó sér í lagi á milli árana 2023 og 2024 þar sem fastur kostnaður hækkaði langt umfram verðlag. Hækkun á launum (reiknuðu endurgjaldi) spilar þarna stórt hlutverk en laun og launatengd gjöld búanna hækkuðu um 133 kr./kg á þriggja ára tímabilinu en 96,2 kr./kg á milli árana 2023 og 2024.

Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir á kostnaðarliðum batnaði rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) verulega á tímabilinu eða um 46,1%. Það eru jákvæð tíðindi fyrir greinina.

Þegar afskriftir og fjármagnsliðir eru teknir inn verður rekstrarniðurstaðan hins vegar lakari á tímabilinu. Fjármagnsliðir hækkuðu um 27 kr./kg eða um 13,9% á þriggja ára tímabilinu en lækkuðu um 5% eða 11,6 kr./kg á milli seinni árana tveggja. Í þessu samhengi er rétt að líta á þróun heildarskulda búanna sem sjá má í kafla 5.4 um skuldsetningu búanna. Að hluta til var um að ræða afleiðingu af erfiðu vaxtaumhverfi í landinu fyrir þá sem eru skuldsettir en að hluta til er þar um að ræða ákveðin teikn um meiri fjárfestingar í tækjum, eignum og viðhaldi á búum, einkum seinni tvö árin þegar fjárfestingastuðningur hækkaði. Hækkun á viðhaldi útihúsa, sérstaklega milli árana 2022 og 2023 styður það en árin þar á undan hafði verið algjör kyrrstaða eða samdráttur í þeim lið. Afskriftir jukust einnig um tæp 28% á tímabilinu sem er önnur vísbending um þróun í þessa átt.

Í töflu 5 má sjá rekstrarniðurstöður bóa í þúsundum kr. og er þar tekið til bæði tekna af sauðfjárrækt og heildartekna bóanna. Hagnaður af heildarrekstri bóanna jókst töluvert milli ára 2022 og 2023 en dróst aftur saman um nánast sömu upphæð milli ára 2023-2024 en það skýrist m.a. af hækkun á föstum kostnaði og launum og óhagstæðari afkomu annarra verkefna á bóunum en árið á undan þegar má segja að önnur tekjuskapandi verkefni bóanna en sauðfjárrækt hafið dregið vagninn. Framlegðarstig heildartekna hækkaði þannig aðeins um 3,3% á meðan framlegðarstig sauðfjártekna hækkaði um 4,4%.

Tafla 5. Rekstrarniðurstöður bóa (þús. kr.) samanburður ára 2022-2024.

	2022	2023	2024	Breyting á tímabilinu
	213	206	199	
Afurðatekjur þús. kr.	19.033	21.571	22.886	20,2%
Heildartekjur þús. kr.	29.055	33.148	35.501	22,2%
Framlegð afurðatekna þús. kr.	10.488	12.721	13.613	29,8%
Framlegð heildartekna þús. kr.	17.955	21.394	23.093	28,6%
Framlegðarstig afurðatekna	55,1%	59,0%	59,5%	4,4%
Framlegðarstig heildartekna	61,8%	64,5%	65,0%	3,3%
EBITDA þús. kr.	7.564	9.497	8.797	16,3%
EBITDA hlutfall af veltu	26,0%	28,7%	24,8%	-1,3%
Afskriftir þús. kr.	3.062	3.677	3.906	27,6%
Fjármagnsliðir þús. kr.	1.996	2.420	2.199	10,2%
Laun og launatengd gjöld þús. kr.	3.853	4.281	5.046	31,0%
Mánaðarlaun þús. kr.	277	302	357	29,1%
Hagnaður/tap þús. kr. af heildarrekstri	2.506	3.400	2.692	7,4%
Hagnaður/tap % af heildartekjum	8,6%	10,3%	7,6%	-1,0%
Rekstrarniðurstöður sauðfjárs % af afurðatekjum	-10,1%	-7,8%	-7,3%	2,8%

Launagreiðslur úr rekstri voru mjög lágar eða 358 þúsund krónur á mánuði árið 2024. Það var þó 50 þúsund króna hækkun frá árinu 2023. Sé horft til meðalatvinnutekna árið 2024 sem reiknast 792.000 kr./mánuði hefur hlutfall launa sauðfjársbænda þar af ekki breyst á milli ára og er um 45%. Hér þarf að hafa í huga að launakostnaður vegna annarrar atvinnustarfsemi eru talin með öðrum föstum kostnaði bóans þegar þannig háttar til.

Hagnaður af heildarrekstri jókst um 7,4% á tímabilinu en dróst saman um 1% sem hlutfall af heildartekjum. Rekstrarniðurstöður sauðfjárs sem hlutfall af afurðatekjum jókst hins vegar um 2,8%.

5.4 Skuldsetning bóa

Heildarskuldir bóanna aukast í krónum talið um 17,5% á tímabilinu. Þar munar mestu um skarpa aukningu skammtímaskulda á tímabilinu (55,1%) en sérstaklega milli áráanna 2023 og 2024. Þar getur verið um að ræða fjárfestingu í vélum og tækjabúnaði sem er fjármagnaður til skamms tíma, fyrstu skref fjárfestingar í nýbyggingum en mögulega í einhverjum tilfellum afleiðingar af erfiðu árferði en það mun skýrast betur þegar árið 2025 verður gert upp. Langtímaskuldir bóanna hækkuðu hins vegar mun minna, eða um 6,6% í krónum talið á þriggja ára tímabilinu.

Aukning skulda í krónum talið hélt hvorki í við veltuaukningu bóanna né almennar verðlagshækkunar sem er líklega til marks um að bændur haldi enn að sér höndum varðandi nýjar fjárfestingar í ríkjandi vaxtaumhverfi eða eigi erfitt með að fá lánaþyrirgreiðslur fyrir stærri framkvæmdum. Reynslan hefur sýnt að erfitt getur verið fyrir bú sem treysta að stærstum hluta á tekjur af sauðfjárrækt að fá lánsfjármagn vegna lítills rekstrarafgangs (EBITDA) þó reksturinn sé að öðru leyti góður. Þar ræður bústærð og hlutfall ríkisstuðnings þó miklu.

Skuldahlutfall bóanna hækkaði lítillega milli áráanna 2023 og 2024 eftir að hafa lækkað milli 2022 og 2023 en fjármagnsliðir hækkuðu um 10,2%. Afskriftir jukust um 27,6% á tímabilinu.

Tafla 6. Yfirlit yfir skuldir og fjármagnskostnað þátttökubúa.

	2022	2023	2024	Breyting á Tímabilinu
Skammtímaskuldir alls þús. kr.	6.414	6.517	9.951	55,1%
Langtímaskuldir alls þús. kr.	22.374	23.513	23.866	6,7%
Skuldir alls þús. kr.	28.788	30.029	33.817	17,5%
Skuldahlutfall	1,05	0,94	0,99	-5,7%
Afskriftir þús. kr.	3.062	3.677	3.906	27,6%
Fjármagnsliðir þús. kr.	1.996	2.420	2.199	10,2%
Fjármagnsliðir, hlutfall af heildarveltu	6,9%	7,3%	6,2%	-1,0%
Laun og launatengd gjöld þús. kr.	3.853	4.281	5.046	31,0%
EBITDA þús. kr.	7.564	9.497	8.797	16,3%

Skuldsetning á búum í efsta framlegðarþriðjungi er minni en meðalskuldsetning og töluvert minni en skuldsetning í neðsta framlegðarþriðjungi. Skuldsetning á afurðaminni búum er meiri en skuldsetning á afurðameiri búum. Þetta eru vísbendingar um að framlegðarlægri búin séu að

einhverju leyti að fjármagna erfiðan rekstur með kostnaðarsömum skammtímalánum. Vegna minni framlegðar og meiri skuldsetningar fer mun hærra hlutfall tekna þessara búa til greiðslu fjármagnskostnaðar. Betur má glöggva sig á þessum kennitölum í kafla 5.5 þar sem búin eru greind gagnvart framlegðarstigi.

Tafla 7. Yfirlit yfir skuldir og fjármagnskostnað þátttökubúa greint eftir aldri bænda

	2022				2023				2024			
	< 40 ára	40-49 ára	50-59 ára	60 ára >	< 40 ára	40-49 ára	50-59 ára	60 ára >	< 40 ára	40-49 ára	50-59 ára	60 ára >
Skammtímaskuldir alls þús. kr.	7.426	6.163	7.810	2.439	6.041	5.317	9.265	2.857	12.799	7.502	11.923	6.418
Langtímaskuldir alls þús. kr.	24.826	24.857	24.947	10.019	28.141	25.459	24.286	11.298	35.103	28.065	20.899	12.738
Skuldir alls þús. kr.	32.252	31.019	32.757	12.458	34.182	30.776	33.551	14.155	47.902	35.567	32.822	19.156
Skuldahlutfall	1,23	1,06	1,06	0,67	1,16	0,86	1,00	0,65	1,30	0,94	0,92	0,78
Afskriftir þús. kr.	3.573	3.368	3.161	1.726	3.846	3.566	3.949	3.160	4.890	3.593	4.025	3.041
Fjármagnsliðir þús. kr.	2.396	2.019	2.311	755	3.382	2.264	2.613	1.226	3.179	2.202	2.409	845
Fjármagnsliðir, % af heildarveltu	7,9%	6,8%	7,1%	3,9%	9,7%	6,0%	7,5%	5,4%	8,2%	5,5%	6,6%	3,2%
Laun og launatengd gjöld þús. kr.	3.830	3.931	3.978	3.504	4.264	4.344	4.331	4.140	4.959	5.696	4.945	4.603
EBITDA þús. kr.	7.593	8.275	8.550	4.387	10.191	10.795	10.059	6.194	8.517	9.175	10.312	6.192

Í töflu 7 hér að ofan sést að nokkuð skýrt samband er á milli aldurs bænda og skuldsetningar sem ætti ekki að koma á óvart. Skuldir og skuldahlutfall allra aldurshópa nema 50-59 ára hækka milli áranna 2023 og 2024. Vegna veltuaukningar búanna og hagstæðara fjármálaumhverfis 2024 á móti 2023 lækkaði hlutfall fjármagnsliða af heildarveltu og gefur búum frekar rými til nauðsynlegrar endurnýjunar rekstrarfjármuna.

5.5 Afkoma þátttökubúa 2022-2024 eftir framlegð tekna af sauðfjárrækt

Í töflu 8 er yfirlit yfir afkomu sauðfjárbúa sem tóku þátt í verkefninu á árunum 2022-2024 þar sem búum er skipt um það bil í þriðjunga innan hvers árs eftir framlegðarstigi tekna af sauðfjárrækt. Bú geta færst milli flokka á milli ára. Allir tekju- og kostnaðarliðir í töflunni eru birtir sem kr./kg og eru reiknaðir á verðlagi hvers árs.

Tekjur vegna sauðfjárræktar í kr./kg voru svipaðar í öllum framlegðarflokkum öll árin, með blæbrigðamun þó. Mesti munur milli flokka er 75 kr./kg árið 2024 en miðþriðjungurinn raðast þar með hæstar tekjur á hvert kíló. Mikill munur á breytilegum kostnaði er hins vegar það sem skiptir búum í framlegðarflokka. Munur á breytilegum kostnaði milli flokkanna, efsta og lægsta þriðjungs, er nálægt því tvöfaldur öll árin og mesti munur er 634 kr./kg árið 2024. Miðað við meðalinnlegg bús í verkefninu munar þarna tæplega 6,3 milljónum kr. á ári á útgjöldum bús í efsta þriðjungi og þeim neðsta og tæplega 3,3 milljónum kr. á ári á útgjöldum milli

miðþriðjungs og efsta þriðjungs. Aðstæður búa eru mjög ólíkar sem getur haft í för með sér kostnað sem er óumflýjanlegur. Þessi mikli breytileiki gefur þó mjög skýrar vísbendingar um mikilvægi bústjórnarlegra þátta.

Tafla 8. Afkoma þátttökubúa 2022-2024 þar sem búum er raðað upp eftir framlegð tekna af sauðfjárrækt

	2022			2023			2024		
	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3
Meðalbústaerð	399	397	367	393	397	357	400	392	352
Meðalaldur bænda (ár)	50,7	49,5	46,8	51,9	51,1	47,0	52,1	51,1	49,1
Afurðatekjur kr/kg	837	821	804	1.011	956	950	1.170	1.201	1.140
Greiðslur úr sauðfjársamning kr/kg	737	767	734	835	842	855	914	942	968
Landgreiðslur/Jarðræktarstyrkir kr/kg	37	46	51	40	49	58	44	59	70
*Einkisgreiðslur kr/kg	115	115	116	102	96	100			
Spret- og álagsgr. jarðræktar 2022 kr/kg	49	64	72						
**Fjárfestingar- og nýliðunarstyrkir kr/kg	24	21	29	67	58	88	120	86	43
Önnur landbúnaðartengd framlög kr/kg	44	41	50	41	63	32	54	61	51
Tekjur vegna sauðfjárræktar kr/kg	1.843	1.874	1.857	2.097	2.063	2.083	2.301	2.348	2.273
Aðkeypt föður kr/kg	30	36	54	30	41	73	37	74	67
Áburður og sáðvörur kr/kg	218	302	423	199	278	395	184	262	384
Rekstur búvéla kr/kg	141	211	267	144	227	327	188	253	357
Rekstrarvörur kr/kg	101	128	162	92	114	181	100	142	191
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	110	149	211	121	158	225	144	227	288
Breytilegur kostnaður alls kr/kg	600	826	1.118	586	819	1.200	653	957	1.287
Framlegð kr/kg	1.243	1.048	739	1.510	1.245	883	1.648	1.391	986
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt	67,4%	55,9%	39,8%	72,0%	60,3%	42,4%	71,6%	59,2%	43,4%
Viðhald eigna kr/kg	104	118	122	119	152	163	114	159	150
Rekstur húsnæðis kr/kg	41	54	55	52	50	63	54	65	73
Bifreiðakostnaður kr/kg	82	76	89	78	83	91	76	96	92
Annar rekstrarkostnaður kr/kg	71	106	114	94	109	118	95	130	167
Laun og launatengd gjöld kr/kg	352	375	405	416	387	441	469	503	570
Fastur kostnaður alls kr/kg	650	730	785	759	781	876	809	952	1.053
Rekstrarniðurstaða f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg	593	318	-46	751	464	7	840	438	-67
Afskriftir kr/kg	250	296	359	321	355	393	385	379	424
Fjármagnsliðir kr/kg	125	222	246	169	197	351	111	229	361
Rekstrarniðurstaða sauðfjársins kr/kg	219	-200	-652	262	-88	-737	343	-169	-852
Rekstrarn. sauðfjársins % af sauðfjárt.	11,9%	-10,7%	-35,1%	12,5%	-4,3%	-35,4%	14,9%	-7,2%	-37,5%
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða kr/kg	1.250	1.556	1.903	1.345	1.599	2.077	1.461	1.910	2.340
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.	5.383	1.355	782	5.367	4.543	343	5.562	2.166	223

*Einkisgreiðslur. Á árinu 2022 er það sprettgreiðsla vegna gæðastýringar. Á árinu 2023 er það uppgjör á sprettgreiðslur fyrra árs og viðbótarbýlisstuðningur.

**Fjárfestingar- og nýliðunarstyrkir. Á árinu 2023 voru einkisgreiðslur vegna fjárfestingarstuðnings og nýliðunarstyrkja umfram hefðbundin framlög.

Í töflu 9 eru meðaltalstölur yfir rekstur búanna. Skipting í þriðjunga er sú sama og áður en hér er dregið fram yfirlit yfir heildarrekstur þátttökubúa á árunum 2022-2024. Eins og sjá má í töflunni hafa búin í neðsta þriðjungi hlutfallslega mun meiri tekjur af öðru en sauðfjársins og þar eru heildartekjur hæstar árið 2024. Á þessum búum er því fleira sem krefst athygli en rekstur sauðfjársins. Í neðsta þriðjungi eru minnstu sauðfjársins að jafnaði og yngstu bændurnir raðast frekar þar, eins og sjá má í töflu 8 Fjármagnsliðir eru þar langhæstir öll ár samanburðarins og er það annað hvort afleiðing af þungum rekstri eða merki um að þetta séu frekar bú í

fjárfestinga- og uppbyggingarfasa. Þrátt fyrir hlutfallslega langhæstar tekjur af heildarrekstri er afkoma af heildarrekstri lökust á þessum búum. Meðalmánaðarlaun eru nánast þau sömu í öllum flokkum og sé tekið mið af meðalatvinnutekjum í landinu árið 2024 eru þau um 45% af þeim.

Tafla 9. Heildarrekstur, meðaltalstölur þátttökubúa 2022-2024 þar sem búum er raðað upp eftir framlegð heildartekna af sauðfjárrækt

	2022			2023			2024		
	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Mið 1/3	Neðsti 1/3
Afurðatengdar tekjur þús. kr.	20.158	19.639	17.302	23.057	22.450	19.245	25.061	24.061	19.418
Heildartekjur þús. kr.	28.345	29.144	29.674	32.040	33.843	33.492	34.067	34.221	38.302
Framlegð afurðatekna þús. kr.	10.488	13.593	10.984	12.721	16.609	13.544	17.954	14.250	8.423
Framlegð heildartekna þús. kr.	17.955	19.428	17.612	21.394	22.514	21.889	23.674	21.982	23.613
Framlegðarstig afurðatekna	55,1%	67,4%	55,9%	59,0%	72,0%	60,3%	71,6%	59,2%	43,4%
Framlegðarstig heildartekna	61,8%	68,5%	60,4%	64,5%	70,3%	64,7%	69,5%	64,2%	61,6%
EBITDA þús. kr.	7.564	9.480	6.788	9.497	10.750	10.551	10.971	8.393	6.934
EBITDA hlutfall af veltu	26,0%	33,4%	23,3%	28,7%	33,6%	31,2%	32,2%	24,5%	18,1%
Afskriftir þús. kr.	3.062	2.731	3.106	3.529	3.862	3.627	4.198	3.881	3.627
Fjármagnsliðir þús. kr.	1.996	1.366	2.327	1.854	2.146	3.244	1.210	2.345	3.084
Laun og launatengd gjöld þús. kr.	3.853	3.852	3.930	4.572	4.215	4.071	5.112	5.152	4.868
Mánaðarlaun þús. kr.	277	277	287	320	298	290	358	358	356
Hagnaður/tap þús. kr. af heildarrekstri	2.506	5.383	1.355	5.367	4.543	343	5.562	2.166	223
Hagnaður/tap % af heildartekjum	8,6%	19,0%	4,6%	16,7%	13,4%	1,0%	16,3%	6,3%	0,6%
Rekstrarn. sauðfjárbús % af afurðatekjum	-10,1%	11,9%	-10,7%	12,5%	-4,3%	-35,4%	14,9%	-7,2%	-37,5%

Í töflu 10 má sjá þróun framlegðar eftir flokkun gagnasafnsins undanfarin ár. Þegar munurinn á framlegð búa í efsta og neðsta þriðjungi er borinn saman eftir árum sést að hann minnkaði þegar afurðaverðið hrundi á árunum 2016 og 2017.

Um leið og afurðaverð hækkar þá eykst munur í framlegð á milli þriðjunga eins og glögglega er dregið fram í töflu 10. Það má álykta að bústjórnarlegir þættir hafi meira að segja í afkomunni þegar afurðaverðið er hærra. Mikilvægi þess að nýta vel aðföng og ná auknum afurðum er að aukast með hækkandi afurðaverði.

Tafla 10. Þróun framlegðar kr./kind árin 2014 til 2024


Ár	Efsti þriðjungur	Mið-þriðjungur	Neðsti þriðjungur	Munur Efsti - Neðsti
2014	20.276	14.014	7.891	12.385
2015	19.447	14.097	8.953	10.494
2016	17.825	13.693	9.631	8.194
2017	17.264	12.783	7.653	9.611
2018	16.319	11.289	6.163	10.156
2019	18.303	14.026	8.993	9.310
2020	20.028	14.939	9.211	10.817
2021	23.128	18.133	12.876	10.252
2022	28.018	22.553	15.227	12.791
2023	34.787	28.142	18.492	16.296
2024	36.561	29.635	19.388	17.173

5.6 Sterk áhrif afurðasemi á afkomu sauðfjárþúna

Þegar þátttökubúum er raðað eftir afurðum kemur fram að afkoman ræðst af langstærstu leyti af afurðasemi búanna. Þetta er sýnt á mynd 3, þar eru lagðar saman afurðir fullorðinna og veturgamalla áa fyrir árið 2024, sem myndar grunn að skiptingu búanna í flokka. Hér sést að framlegð í kr./kind fer stígvaxandi samhliða auknum afurðum. Framlegðin í afurðaminnsta flokknum var 20.995 kr./kind en í þeim afurðamesta var hún 41.340 kr./kind. Munurinn er 20.345 kr./kind eða rétt um 100% munur á framlegð.

Athygli vekur að búin sem mestum afurðum náðu voru ekki með hærri breytilegan kostnað í kr./kind en þau sem lægri afurðir hafa. Þeir bændur sem betri afurðum náðu kostuðu sem sagt ekki meiru til á hverja kind til að auka afurðir.

Afskriftir og fjármagnsliðir sýna einnig að þessi munur á framlegðinni gefur afurðahærri búunum meira rými til uppbyggingar í rekstri þar sem hærri afskriftir á þeim búum benda til meiri fjárfestinga á búunum. Fjármagnsliðir eru hins vegar hæstir á afurðaminni búunum sem er vísbending um að þar sé að einhverju leyti verið að fjármagna rekstrartap, jafnvel að hluta með kostnaðarsömum skammtímalánnum.



Mynd 3. Samband afurðasemi og afkomu sauðfjárbúa reiknað á vetrarfóðraða kind árið 2023

Tap af rekstri afurðaminnsta flokksins reiknast 12.174 kr./kind, en þegar afurðir hafa náð 28-30 kg/kind eða meira er orðinn hagnaður af rekstri og mestur er hann í flokki búa með yfir 32 kg/kind eða 12.788 kr./kind.

